



## Endurfjármögnun skulda

Á 435. fundi bæjarstjórnar, þann 11. apríl 2019, var samþykkt að gerður verði samningur um verkefnið „Stefnumótun og gerð langtíma fjárhags- og rekstraráætlunar Ísafjarðarbæjar“, auk þess sem samþykktur var viðauki við fjárhagsáætlun 2019 vegna verkefnisins.

Á 1100. fundi bæjarráðs, þann 30. mars 2020, kynntu Haraldur Líndal Haraldsson og Arnar Haraldsson, skýrslu HLH ehf. með úttekt á stjórnýslu Ísafjarðarbæjar. Var bæjarstjóra falið að vinna málið áfram og leggja fyrir að nýju.

Þann 7. maí 2020 kynnti Haraldur Líndal Haraldsson lokaútgáfu skýrslu þessarar fyrir bæjarfulltrúum, bæjarstjóra og sviðsstjórum.

Á 1112. fundi bæjarráðs þann 29. júní 2020, kynntu sviðsstjórar og bæjarstjóri útfærslur verkefna og tillagna skýrslu HLH ráðgjafar um stjórnýsluúttekt Ísafjarðarbæjar.

### Í skýrslu HLH ráðgjafar kom eftirfarandi tillaga fram:

**Lagt er til að kanna hvort hægt sé að endurfjármagna eldri lán með hagstæðari kjörum.**

Mikill munur getur verið á kjörum þeirra lána sem í boði eru. Fyrir sveitarfélög hafa kjör á lánum hjá Lánasjóði sveitarfélaga reynst hagstæðari en lán hjá bankastofnunum almennt.

Vextir á lánum sem Ísafjarðarbær er með eru allt frá 1,0% upp í 6,55% auk verðtryggingar. Þannig er verulegur munur á vaxtakjörum hjá sveitarfélaginu. Nokkur ávinningur ætti að vera á því að greiða upp a.m.k. dýr lán, lán með háum vöxtum, sé það mögulegt.

Lánasjóður sveitarfélaga er í dag að bjóða verðtryggð lán með vöxtum allt niður í 1,55% vexti auk verðtryggingar og 1,50% á lánum sem falla undir grænar lánveitingar lánasjóðsins. Nokkur fjárhagslegur ávinningur ætti að vera að því að greiða þau lán upp sem bera hærri vexti ef það er leyfilegt og taka nýtt lán til þess t.d. hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Bæjarritari og fjármálastjóri leggja til að tvö lán verði endurfjármögnuð, en þau eru nú með 2,45% vexti. Í júlí 2020 er hægt að fá 1,21% (fastir vextir) og 1,6% (breytilegir vextir) vexti hjá Lánasjóði sveitarfélaga, á lánum til 14-15 ára, með engum uppgreiðsluákvæðum (sbr. upplýsingar frá LS þann 12. ágúst 2020). Staða þessara tveggja lána eru 204 milljónir um áramót 2019/2020.

Önnur lán hjá sveitarfélaginu, sem eru á háum vöxtum, eru óuppgreiðanleg.